



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Félag sjúkráþjálfara

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, 6. grein

### Sjúkráþjálfun

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu:</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
<b>Tegund þjónustu:</b>	<b>Sjúkráþjálfun í heimahúsum.</b> Sjúkráþjálfarar veita þjónustu á heimili sjúklings og þar fer fram skoðun, greining, meðferð og ráðgjöf fyrir einstaklinga sem þurfa á þjónustu sjúkráþjálfara að halda.
<b>Samskipti við sjúklinga:</b>	Sjúkráþjálfara ber að starfa samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og reglugerð nr. 1127/2012. Honum ber að sinna upplýsingagjöf í samræmi við viðteknar venjur í heilbrigðiskerfinu.
<b>Skráning:</b>	Sjúkráþjálfari skal færa sjúkraskrá skv. lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Færsla í sjúkraskrár skal fullnægja viðmiðunarreglum Félags sjúkráþjálfara (FS) um lágmarksskráningu í sjúkráþjálfun. Hvort sem um rafræna skráningu eða skáningu á pappír er að ræða skal varðveisla þeirra gagna og umgengni um þau vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis. Aðferð við afritun rafrænna sjúkraskrárgagna skal liggja fyrir.
<b>Símenntun:</b>	Sjúkráþjálfara ber að viðhalda faglegri þekkingu sinni og færni í samræmi við siðareglur FS, með því að sækja námskeið, faglega fundi og ráðstefnur og jafnframt miðla af þekkingu sinni

	og reynslu.
--	-------------

<b>Mönnun:</b>	Sjúkraþjálfara er heimilt að ráða til sín aðstoðarfólk. Aðstoðarfólk gengst undir sömu kröfur og sjúkraþjálfarar um umgengni við sjúklinga og skal gæta trúnaðar. Aðstoðarfólk starfar á ábyrgð sjúkraþjálfara.
----------------	---

<b>Húsnæði:</b>	Sjúkraþjálfun er veitt á heimili sjúklings.
-----------------	---

<b>Búnaður og tækjakostur:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rafmagnstæki sem hafa áhrif á taugaboð, vöðvaviðbrögð og blóðflæði</li> <li>• Rafmagnstæki sem hafa áhrif á blóðflæði og örva líffræðilega efnahvata</li> <li>• Mælitæki</li> <li>• Styrktarþjálfunarbúnaður</li> <li>• Jafnvægisþjálfunarbúnaður</li> <li>• Fræðslufni</li> </ul>
--------------------------------	---

<b>Gæðavísar:</b>	Þjónustugæðavísar: Sjálfsmatstæki fyrir fyrirtæki (stofur og stofnanir/deildir) sjúkraþjálfara og byggir á EFQM-líkani (European Foundation for Quality Management).
-------------------	--

<b>Gildistími:</b>	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
--------------------	--

<b>Útgefið</b>	Staður	Reykjavík	Dags. 22.4.2013
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<i>Undirskrift FS</i>		
Geir Gunnlaugsson	Unnur Pétursdóttir		

Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis.  
Þær eru unnar í samvinnu við Félag sjúkraþjálfara.